

## FRÉTTIR

Kvennalistinn

# Konur - hvað nú?

**Kvennalistakonur  
vilja komast frá orð-  
um til athafna en það  
eru skiptar skoðanir  
meðal þeirra um leið-  
ina til þess.**

Frá orðum til athafna" er yfirskrift landsfundar Kvennalistans sem hófst í gærkvöldi. Þar verða 3 meginefni rædd, fæðingarorlof, flutningur grunnskólans og jafnréttisáætlanir í sveitarfélögum.

Hugmyndin er að líta sér nær og skoða hvaða möguleika sveitarfélög hafi á að auka jafnrétti og hvað hafi verið gert á þeim vettvangi til þessa. Kvennalistakonur telja þetta verðugt umfjöllunarefni, bæði í ljósi þess að sveitarfélög eru að taka við sí-fellt fleiri og stærri verkefnum af

ríkinu - og ekki síður vegna þess að það er í sveitastjórnum sem konur hafa komist til valda. „Hugsunin á bak við þetta er sú að sýna fram á að það skipti máli fyrir kvennabaráttuna að konur séu við völd," segir Guðný Guðbjörnsdóttir, þingkona Kvennalistans. „Það eru konur við völd í Reykjavík og þar er mikil að gerast í jafnréttismálum. Ég held að enginn efist um að þar hefur Kvennalistinn haft mikil áhrif. Í þinginu höfum við alltaf verið í stjórnarandstöðu og erum þar af leiðandi meira andófsafl. Við getum komið fram með hugmyndir og haft áhrif á umræðuna, en höfum ekki komist á þetta athafnaplan." Stjórnálaástandið og framtíð Kvennalistans verður einnig til

umræðu, en innan samtakanna eru mjög skiptar skoðanir um hvert skuli halda. Það var hart deilt um það á síðasta landsfundi samtakanna á Nesjavöllum fyrir ári og reyndar svo mjög að mörgum kvennalistakonum þótti nóg um. Síðan hefur mikil vatn til sjávar runnið og umræð-

ingur í gangi." segir Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona. Konur sem Dagur-Tíminn ræddi við í gær, virtust margar sannfærðar um að Kvennalistinn bjóði ekki fram í óbreyttri mynd í næstu þingkosningum. Þær telja að framundan sé óhjákvæmilegt uppgjör milli kvenna, sem vilja ganga til liðs við hugsanlega nýja hreyfingu á vinstri vængnum, líkt og R-listann, og hinna sem alls ekki geta hugsað sér að taka þátt í slíku samkrulli. Allar eru konurnar hins vegar sammála um að það sé mikilvægt að lenda Kvennalistanum með sóma og þannig að það skaði ekki kvennabaráttuna. Einnig benda þær á ef eigi að ganga til liðs við nýja hreyfingu eða mynda kosningabandalag með öðrum stjórnarandstöðuflokkum, sé ekki klókt að lýsa yfirfram að Kvennalistinn ætti ekki að bjóða fram. Þar með sé samningsstaðan að engu örðin.

**Guðný Guðbjörnsdóttir**  
þingkona Kvennalistans



Það skiptir máli að konur komist til valda. Það eru konur við völd í Reykjavík og þar er margt að gerast í jafnréttismálum.

an um samvinnu stjórnarandstöðuflokkanna verið í mikilli gerjun. „Staðan er býsna óljós. Þessi umræða er ekki búin að finna sér farveg. En það er greinilega mikil gerjun og þryst-